

Umhverfisstofnun  
Kristín Rannveig Snorradóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. febrúar 2010  
2010020012/42-1-1  
TB  
jgo/tb

## Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, drög

Vísað er til bréfs frá umhverfisstofnuninni, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að frumvarpi til laga um grunngerð landupplýsinga.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir drög að frumvarpi til laga um grunngerð landupplýsinga. Náttúrufræðistofnun telur frumvarpið, verði það að lögum, geta leitt til framfara í gagnamálum ekki síst m.t.t. aðgengi almennings og fyrirtækja að upplýsingum sem og stofnana ríkisins innbyrðis. Náttúrufræðistofnun telur að skýra megi betur út í lögnum, í gr. 13. reglugerðarheimildir, um hvað og með hvaða hætti reglugerðir eigi að fjalla um einstaka þætti tilskipunar 2007/2/EB og er hér m.a. sérstaklega vísað í greinar 11, 12. og 13 í tilskipuninni. Náttúrufræðistofnun bendir sérstaklega á atriði eins og hugverkarétt og aðgengi og takmarkanir á aðgengi að upplýsingum s.s. um sjaldgæfar tegundir.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson

